

Nd.

593. Nefndarálit

[171. mál]

um frv. til l. um almannavarnir.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarp þetta hefur verið rætt á nokkrum fundum nefndarinnar. Á einum fundi heilbrigðis- og félagsmálanefndar mætti lögreglustjórinn í Reykjavík, borgarlæknirinn í Reykjavík og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Gáfu þeir nokkrar upplýsingar um almannavarnir almennt og um einstök efnisatriði frumvarpsins.

Ljóst er af frumvarpinu, að útgjöld svo há, að mörgum milljónum skiptir, leggjast á ríkissjóð og sveitarsjóðina, ef frumvarpið verður að lögum og heimildir þess notaðar.

Allmörg ný embætti hálaunaðra embættismanna verða stofnuð með lögfestingu frumvarpsins.

Nefndinni hefur gefizt mjög naumur tími til að kynna sér þetta umfangsmikla mál, og ekkert tóm hefur heldur gefizt til að senda það til umsagnar þeim aðilum, er standa skulu undir framkvæmd þess fjárhagslega.

Meiri hluti heilbrigðis- og félagsmálanefndar, fulltrúar stjórnarflokkanna, leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt á þessu þingi og afgreiðslu þess hraðað.

Minni hlutinn telur hins vegar, að rétt sé að senda frumvarpið til umsagnar öllum sveitarstjórnnum, þó að af því leiddi, að afgreiðsla þess frestaðist til næsta hausts. Á þetta hefur meiri hlutinn ekki viljað fallast, og hefur nefndin því klofnað um málið.

Minni hlutinn leggur því til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að lagðar yrðu miklar fjárupphæðir á herðar sveitarfélögunum, ef frumvarpið yrði samþykkt og heimildir þess notaðar, telur deildin rétt, að málið verði nú sent sveitarstjórnunum til athugunar og umsagnar og afgreiðslu þess frestað til næsta þings, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. apríl 1962.

Hannibal Valdimarsson.